

156	Skarkoli ( <i>Pleuronectes platessa</i> ) .....	25 cm
13. nóv.	Langlúra ( <i>Glyptocephalus cynoglossus</i> ) .....	28 —
	Þykkvalúra ( <i>Microstomus kitt</i> ) .....	25 —
	Tunga ( <i>Solea solea</i> ) .....	24 —
	Sandhverfa ( <i>Scophthalmus maximus</i> ) .....	30 —
	Slétthverfa ( <i>Scophthalmus rhombus</i> ) .....	30 —
	Stórkjafra ( <i>Lepidorhombus whiff</i> ) .....	25 —
	Lýsa ( <i>Gadus merlangus</i> ) .....	20 —
	Sandkoli ( <i>Pleuronectes limanda</i> ) .....	20 —

Einnig er bannað að kaupa eða selja fisk, sem telst til þessara tegunda, ef hann er smærri en segir í þessari grein.

6. gr.

Eigi ná ákvæði reglugerðar þessarar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna né til fisks, sem í slíkum veiðiferðum er veiddur, enda verði hann eigi seldur, sýndur eða látinn falur.

7. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá kr. 500.00 til kr. 20000.00.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 20. nóvember 1954 og er jafnframt úr gildi felld reglugerð nr. 33 18. marz 1954, um möskvastærðir fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 18 3. marz 1954, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í alþjóðasamningi frá 5. apríl 1946, um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, ásamt ákvæðum viðbættis við samninginn frá 2. apríl 1953.

*Atvinnumálaráðuneytið, 13. nóvember 1954.*

**Ólafur Thors.**

*Gunnl. E. Briem.*

157

16. nóv.

## REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Breiðdalsvíkurþorps.

1. gr.

Hreppsnefnd Breiðdalshrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir og getur fullnægt svo og á Breiðdalsvíkurhöfn.

2. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna í samráði við oddvita og hreppsnefnd. Í vatnsveitunefnd séu 3 menn og aðrir 3 til vara. Vatnsveitunefnd skiptir sjálf með sér verkum.

3. gr.

Vatnsveitan leggur aðalvatnsæðar um þorpið, svo víða sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæð skulu húseigendur leggja vatnsæðar á sinn kostnað.

## 4. gr.

Skylt er hverjum húseiganda í Breiðdalsvíkurþorpi að greiða stofngjald kr. 1000.00 fyrir hverja venjulega íbúð um leið og vatn er leitt í hús hans. Árlegur vatnsskattur sé kr. 150.00 fyrir hverja íbúð. Hreppsnefnd ákveður vatnsskatt verzlana og iðnfyrirtækja. Ef fjós eru tengd við vatnsveitukerfið, greiðist kr. 15.00 fyrir hvern stórgrip, sem inni stendur vetrarlangt.

157

16. nóv.

## 5. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki vatnsveitunefndar, og með þeim umbúnaði, sem hún telur tryggan.

## 6. gr.

Heimilt er vatnsveitunefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga. Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig fyrir þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

## 7. gr.

Hver sá, er skemmir eða saugar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna hennar eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir, samkv. mati tveggja dómkvaddra manna og sæta sektum nema þyngri refsing liggji við.

## 8. gr.

Vatnsveitunefnd eða trúnaðarmönnum hennar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar og aðgerðar. Ef útbúnaði er að einhverju leyti ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella er vatnsveitunefnd heimilt að gera við það á hans kostnað.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalshrepps, staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Breiðdalsvíkurþorps, nr. 2 frá 6. jan. 1954.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. nóvember 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## REGLUGERÐ

158

16. nóv.

um breyting á reglugerð nr. 134 27. júlí 1945, um skyldu skipa og flugfara til að koma á tilteknar hafnir eða flugstöðvar til þess að fá fyrstu og síðustu afgreiðslu hér á landi.

## 1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Öll flugför, sem koma hingað frá útlöndum, skulu lenda fyrst og fá fyrstu afgreiðslu á flugvellingum í Reykjavík, flugvellingum á Sauðárkróki eða flugvellingum við Keflavík, nema þau þurfi að nauðlendi annars staðar, enda sannist í lögreglu-rétti, að um nauðlending hafi verið að ræða.